

PCC Bakki Silicon hf.  
Bakkavegur 2  
640 Húsavík

Reykjavík, 21.8.2024  
UST202401-425/S.M.  
08.06.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun og málslok vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 30. júlí sl., þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti í PCC á Bakka þann 6. júní sl.. Jafnframt væri útistandandi þrjú eldri frávík og því óskað eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi þau frávík. Þann 20. ágúst sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun þegar rekstur hefst. Upphaf rekstrar er þegar uppkeyrsla ofna hefst. Tilkynna skal Umhverfisstofnun, Norðurþingi og Slökkviliði Norðurþings um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning um uppkeyrslu ofns sem hófst í janúar 2024. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa verkferlar verið uppfærðir og þessu atriði bætt við. Frávikinu telst lokið.**
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingaúrgangi, raflögnum, tunnum og annarskonar blönduðum úrgangi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er vinna í fullum gangi við að ganga frá svæðinu, koma afgangsuúrgangi í förgun eða endurvinnslu, sem og að verið er að endurskipuleggja athafnasvæðið.**
3. Gr. 3.15 í starfsleyfi. Að minnsta kosti 1100 tonn af framleiðsluúrgangi (ónýtanlegum aukaafurðum) eru áætlaðar á lóð PCC en þær skulu að jafnaði ekki nema meiru en 900 tonnum á ári skv. ákvæðum starfsleyfisins. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sinnir verktaki því verkefni að endurskipuleggja úrgang á athafnasvæði, ekkert nýtt efni fer inn á eldra geymslusvæði og unnið er af því að taka af eldri haug.**
4. Gr. 3.3 í starfsleyfi. . Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni og framleiðsluvöru utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætta á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Haugur af timburkurli á

hráefnasvæði rekstraraðila hefur dreift sér töluvert út fyrir hráefnasvæðið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er kurlið nú geymt á bunkersvæðum og haldið aðskildu frá öðrum geymslusvæðum. Unnið er að því að fjarlægja aðra hauga.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur